

Versations / Tetralógía

# Gabríela Friðriksdóttir

13. janúar - 26. febrúar 2006



**Kristín Ómarsdóttir:**

Milda líkn

Ævintýri skrifað fyrir Versations, Tetralógía, eftir Garbríelu Friðriksdóttur

Einu sinni var prinsessa sem átti heima í höll. Hún átti hund, eða hundurinn átti hana, eða bæði, og saman gengu þau út að tjörninni í hallargarðinum og spegluðu sig í vatninu. Horfðu úteftir því, horfðu til himins og sáu fugla fljúga í vestur, eða austur, eða hvert sem var.

Einu sinni sem oftar stóð hún þar, prinsessan okkar í höllinni, og las bréf. Tár runnu niður vangann. Bling einsog ef dropi fellur. Hurfu ofan í jörðina rétt við fætur prinsessunnar í prinsessuskóm. Hundurinn klóraði í jörðina, einu sinni, tvisvar, að leita að tári, tárum, sem týndust furðanlega samstundis.

Svo tók hún bréfið og snýti sér í það. Krumpaði það, henti því í tjörnina. Horfði á það fljóta á vainsborðinu þartil hún labbaði burt. Eins hundurinn, sem klóraði ótt í jörðina áður, að leita að tári, tárum, pissaði á leitarsvæðið, tók þrjú stökk á eftir prinsessunni og snerti með tyninu gula kjölfaldinn.

Himininn breytti um lit. Varð rauður. Síðan grænn og þar á eftir svartur. Stjörnur komu fram. Tjörnin speglaði þær og tunglið. Krumpaða sendibréfið flaut í kringum

spegilmyndirnar. Orðin blotnuðu. Runnu í sundur, eða meir saman, og hurfu. Stafur eftir staf ofan í tjörnina sökk.

Þarna sökk eitt f niður á tjarnarbotninn.

Þarna sökk eitt p.

Þarna sökk eitt snúð a.

Lagðist á sendinn botninn. Nokkur sandkorn lögðust yfir stafinn einsog sæng eða teppi, ábreiða prinsessunnar sem beið þess að prinsessan sjálf hætti að dýfa fingrunum ofan í súkkulaðismjördolluna áður en hún sleikti puttana einn á eftir öðrum. Af athygli horfði hundurinn á, beið eftir að röðin kæmi að sér, ef hún kæmi að honum.

Þegar súkkulaðið var búið, þó súkkulaði sé aldrei búið hjá prinsessum, hún hafði sleikt alla fingurna, súkkulaðið upp, vaði prinsessan sárabindum utan um hvern sinn fingurgóm, svo að nú litu fingurnir út einsog líu pinulitlar pinulitlar pinulitlar prinsessur sem eru nýkomnar af slysavarðstofunni eftir höfuðkúpubrot. Æji, hvað hundinn langaði líka að vera með sárabindi á loppunum. En hann lét nægja að kíkja með tungunni ofan í dolluna með súkkulaðismjörinu.

Prinsessan settist við pianóíð og spilaði með fingurna svona klædda, sárabindum, og inn til þeirra flaug um opinn gluggann, gluggar eru alltaf opnir í höllum, lófástör fugl, hnefástör

fugl, eða eitthvað þar á milli, en það var bara byrjunin.

Prinsessan leit upp: tónlistin dregur að fugla, hugsaði hún í því að boldangskvenmaður tróð sér innum gluggann, hló og þóttist fara hjá sér, en bakvið skein í sjálföruggi og sterkan vilja til að koma bústnum líkama inni höllina í gegnum glugga.

Þykistu slasaðir fingur prinsessunnar, eða voru þeir ekki slasaðir, marðir, skaddaðir, hættu að spila á pianóið. Konan dró undan pilsinu áxi, hjó pianóið í þremur lotum, höfuðið af prinsessunni sem flaug útum gluggann. Þá hóf hún höfuðið af hundinum og tyllti sér niður á bleikan stólkoll.

Fuglinn hnefaloftastóri flaug til kvendarinnar sem lagði hann milli brjósta sér og faldi hann þar. Svo þefaði hún af áxinni, teygði sig í spýtnahrak úr pianóinu sem lá á gólfinu, doppótt af blóði, og þefaði af því. Þurrkaði af spýturni í pilsíð. Snerti laust með tungunni, svona rétt aðeins, spýttuna. Lagði spýttuna á gólfíð.

Hún þefaði af pilsinu, einsog maður gerir, þefar af sjálfum sér í miðjum klíðum, stóð upp, kíkti í súkklaðismjörddolluna, horfði hringinn í kringum sig á doppótt landslagið. Einsog ef ljós úr diskókúlu hefðu sprænt út blóði. Hún gekk skáhallt til dyra en gaf sér næði til að horfa á hörmungarnar í síðasta sinn og byrjaði síðlaust að gráta.

Plomm plomm. Þung tár. Blýþung tár.

EKKI ÞEKKI ÉG ÁSTÆÐUNA FYRIR ÞEIM, EITTHVAÐ MEÐ TILFINNINGARNAR KANNSKI, OG ÞÝÐDI AÐEINS EITT: AF LÍKAMA HENNAR VAR KOMIN LYKTIN SAMA LYKTIN OG AF LJÚFFENGUSTU KARTÖFLUFLÖGU SEM FREISTA MYNDI HINNA HVERS TÁR HÖFÐU EKKI RATAÐ Í GEGNUM ÓTRUFLAÐ, EÐA ÓSPILLT, JÖMFRÚARBELTI GRÁTSINS. MEYJARHAFT TÁRANNA. GRÁTMEYJANNA SVOKALLAÐRA, TIL AÐGREININGAR FRÁ GRENJUSKJÓÐUNUM, SEM FYLLTUST VANSÍÐKVANLEGUM ASTRÍÐUHITA FYNDU ÞÆR LYKTINA, FINNDU ÞÆR LYKTINA, AF LITLU KARTÖFLUFLÖGUNUM.

Atburðirnir gerðust í landi þar sem börn fæddust hvarmaður því nú ef ekki var dauðinn vís, óumflýjanlegur, aðeins tímaspursmál hvenær næðist í grátbelginn sem hallaði aftur dýrunum og labbaði út.

Lífverðirnir sváfu í hallargarðinum klæddir í röndóttar buxur og rauða jakka. Mánaljósið glitraði á gullhnöppunum. Varðhundarnir sváfu hjá gosbrunninum sem skrúfað hafði verið fyrir vatnsinntakið. Það var nótt, það leyndi sér ekki.

Dyravörðurinn í dyravardarhúsinu svaf með hallarfanann sem ábreiðu. Eitthvað skjálfhent var tungsljósið að lýsa á kaffið í kaffibollanum á skrifborðinu. Opin bók. Teygjubúnt. Sjónvarpsskjár sem sýndi ekkert.

Bílstjórinn sem degi áður keyrði útá pósthús svaf í svefnpoka í aftursæti hallarþreifðarinnar, tilbúinn að keyra ef þörf krefði, alltaf tilbúinn í aksturinn.

Konan gekk útá þjóðveginn með áxina reidda, fuglinn kroppandi í brjóst hennar, bí bí, ögn af súkkulaðismjóri í goggnum. Bóndi á mótorhjóli birtist á sjóndeildarhringnum. Hann blístraði þegar nær dró. Hún sló til hans svo höfuðið fauk af. Hann var fullur. Lyktarskynið brenglað ef hann var þá ekki grenjuskjóða.

Bólvaður skepnuskapur, lílilmennska, hneisa, að myrða fullan bónda. Siðfræði morðingjans móðguð af morðingjanum sjálfum sem sló sig endurtekið í fésið: ekki fara að grenja, ekki fara að grenja. Væmin eitrun að gerjast í vöðvum og holdi. Ekki fara að grenja, ekki fara að grenja, grenjuskjóða.

Nokkuð fyrir dagrenningu settist fórukonan undir tré við grasvaxið engi að hvíla sig og borða nokkur epli sem hrundu af trénu ósjálfrátt. Eftir átið sofnaði hún og vaknaði þegar hestur ruglaðist svona á skónum hennar og grasinu. Hún gat ekki óskað sér að vakna öðruvísi en svona að morgni hinsta dags. Milda líkn.

## Laufey Helgadóttir:

alltaf á mörkunum...

Þegar ég hitti Gabrielu Friðriksdóttur í fyrsta skipti í París fengum við okkur hádegisverð á kaffihúsi í Rue Etienne Marcel sem M/M höfðu að hluta til hannað. Hún pantaði sér þrjú spæld egg og ég lax. Ég tók eftir því að hún borðaði bara rauðurnar og skildi hvíturnar eftir með þremur stórum götum, sem göndu á mig eins og gríma eða vera sem búið var að plökka úr augun og minnti þetta mig óneitanlega á sumar armbuteikningarnar hennar og myndbandið Operazione Pane.

Um leið og rauðurnar runnu í gegnum líkamann lýsti hún því fyrir mér hvernig abstraktið hefði farið í taugarnar á sér þegar hún var unglingur og hvernig hún var stöðugt að reyna að setja á það augu. „En núna flýt ég á milli abstraktsins og þess figúratífa, en það er á milli þessara tveggja póla sem galdurinn býr.“

Seinna birtist þessi gríma mér í einu myndbandi Tetralóglunnar sem hún sýnir á Feneyjatværingnum og einnig í litlu málverki eftir óþekktan höfund, sem ég sá á vinnustofunni hjá henni.

Sögurnar sem Gabriela segir okkur í gegnum list sína spretta úr íslenskri sagnahefð, gömlum ævintýrum, þjóðsögum, klassískum bókmenntum eða einfaldlega úr hugarheimi

hennar sjálfrar. Það eru engar venjulegar sögur með söguþráð, upphaf og endi, þær eru frekar eins og draumar sem bjóða upp á marga möguleika. Draumar sem geta verið bæði fallegir og myrkir, martraðakenndir og táknrænir, þrjústumkennanlegir og indælar. Í bók Hugo Pratt, Corto Maltese, Alltaf dómliði lengra, segir Levi Colombia: „Draumarnir eru úr gulli. Raunveruleikinn er tortryggilegur.“ Gabriela hefur sjálf fullyrt að hún vilji fá aftur drauminn og imyndunaraflíð inn í listina og í myndmáli hennar þar sem línurnar eru sjaldan beinar eru mörkin á milli imyndunar og raunveruleika, listar og lífs, óútreknanleg. Hún dregur þar fram þær tilfinningar og kenndir sem við bælum í undirmeðvitundinni, gefur þeim líkama og skapar heim sem kallast á við hennar innri átök. Veröld sem er eins konar framlenging á heimi barnæskunnar og unglingsáranna þar sem ævintýrin eru ekki bara saklaus og blíð heldur líka ógnvekjandi og margræð eins og í kvikmyndinni „La Belle et la Bête“ eftir Jean Cocteau.

Erótíkin er líka oft undirliggjandi í verkum Gabrielu, strigabútur ummyndast í kvensköp, baguette-brauð í getnaðarlim karls og holur, greinar og jafnvel hey og deig fá erótíska skírskotun í imyndunaraflíð áhorfandans. En það er í gegnum dýrin og umbreytingar þeirra sem Gabriela nær best að tjá hið frumstæða eðli manneskjunnar og kemst kannski næst kjarnanum í sjálfri sér. „Halfman halfbeast“, dýr sem eru hvorki menn né dýr, „Animal Inside Animal Outside“ eins og hún kallaði

einkasýningu sína í Reykjavík árið 2001, þar sem hún fjáði m.a. þessi óljósu mörk sem eru á milli mannskepnunnar og dýrsins og þar sem hún kallaði eitt dýrið Melancholy.

Þótt Gabriela fjalli um grafalvarlega hluti, sem oft eru með grimmmum undirtóni eins og í þunglyndi eða dauða, er alltaf stult í kinnina eða brosið, sem stafar af því hvernig hún vinnur og meðhöndlun efniviðarins sem er oft með hrjúfri áferð, handverkslegur, groddalegur og hrár. Við sjáum hvernig verkið er gert, sprungurnar, saumana, samskeytin, leka málingarinnar og hvernig figúrnar þróaast og vaxa út úr efniviðnum. Hún felur ekki neitt en samt eru verk hennar full af leyndardómum sem storka okkur og hrifa.

Verkið sem Gabriela sýnir á Feneyja-mæringnum 2005, *Versation/Tetralógía*, vísar óbeint í þessa íslensku sagnahefð sem birtist í samfimanum í ólíklegustu myndum og oft á mjög mótsagnakenndan hátt. Sagt er að Íslendingar séu sú þjóð sem lesi manna mest og sú sem gefi út flestar bækur en þegar þeir komi saman annaðhvort þegja þeir eða tali hver upp í annan. Nóbelskáldið Halldór Laxness hélt því fram að Íslendingar láti ekki sannfærast af rökræði og þegar þeir ræði saman þá er það yfirleitt á mjög persónulegum forsendum og endi oft með rifrildi. „Íslendingar hugsa í takt við vindasamt veðurfarið, þeir sveiflast á milli skoðana og þola illa ládeyðu. Það er gegnumtrekkur í huga íslendingans. Eins og unga bergið sem

hann býr á er hugurinn á margan hátt líkur því, ungur, hrár og loftkenndur - ólíkt marmaranum á meginlandinu,” segir Gabriela.

Hún fjallar um þessa örkrænu samræðuhefð Íslendinga í verki sínu og undirstrikar það með titli verksins „*Versations*“ þar sem hún fellir „*con*“ framán af „*conversations*“ og gefur þannig í skyn að þetta séu ekki raunverulegar sam-ræður heldur tilraun til samræðna og ef til vill geti hinar ólíku raddir eða orð myndað eina heild - en orð eru oft til alls fyrst, þótt sýndarveruleiki þeirra umlyki okkur í dag með æ þéttara neti.

Gabriela skyggnist undir yfirborð orðanna, reynir að hánla þann veruleika sem þar býr og gefur sig á vald ævintýralegu ímyndunaraffi sem hún leysir úr læðingi. Hún vann fjögur myndbönd, í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daniel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson. Hún fékk einnig Björk og Daniel Ágúst ásamt Borgari Þór Magnasyni og Jónasi Sen til að semja tónverk út frá pianóstefi sem hún impróviseraði. Myndbands- og tónverkin eru síðan klippt saman og mynda Tetralógíu, sem í heild sinni býr til kvartett, þó að hvert myndband standi eitt og sér.

Myndböndin eru skírd eftir höfuðáttunum, norður, vestur, suður, austur, og vekja einnig tilfinningu fyrir höfuðskepnunum, árstiðunum og jafnvel fjórum grundvallarhlutverkum



meðvitundarinnar hjá Jung; hugsuninni, tilfinningunni, innsæinu og skynjuninni.

Hjá Grikkjum til forna þýddi tetralógía fjögur leikrit eftir sama höfund, þar sem fyrstu leikstykkin þrjú voru harmleikur og það fjórða ádeila eða skopstykki og var takmarkið með þessum fjórum leikritum að sigra samkeppni sem haldin var meðal rithöfunda í veislu helgaðri Diónýsosi. Tetralógía Gabrielu gæti þess vegna verið óður til Diónýsasar. Óður þar sem listamaðurinn er hvatamaðurinn sem leysir óreiðinnar úr læðingi og leyfir þeim að raða sér saman upp á nýtt, en býður til leiks útvöldum hópi sem leggur sitt af mörkum til að útkoman geti orðið sem stórfenglegust.

En Tetralógían er aðeins hluti af þessari pólýfónisku innsetningu sem er tilraun til að leiða saman hina ýmsu miðla og þar sem kristallast flest þau viðfangsefni sem Gabriela hefur unnið með til þessa; málverk, skúlptúrur, lágmyndir, tónlist og myndbönd.

Framhlið skálans er breytt í samræmi við innihaldið, hátalarar gefa frá sér tónlist myndbandanna og gesturinn fær strax óljóst hugbóð um hvers konar ferðalag bíður hans innandyra.

Verkin 22 sem Gabriela sýnir í skálanum leiða okkur á milli heima Tetralógiunnar, milli staða og tíma og tengja kvartettinn saman eins og veginir á lífsins tré kabbalah. Áhorfandinn samlagast smám saman sálar- og

hugarheimi listamannsins, gerist landkönnuður í þessu undralandi tákna, mynda og hljóða og rekt á leið sinni í gegnum skálann á alls konar furðuverur sem reika á milli draums og vöku, sannleika og talsýnar, himnaríkis og helvítis.

Gabriela sækir líka í gömul tákni tarotspilanna sem birtast okkur núorðið eins og klisjur og miðlar okkur nýrri fagurfræðilegri sýn þar sem ekki er allt sem sýnist.

„Where is the line?“ spyr Björk á nýjstu plötu sinni Meðulla, þar sem mannróddin er undirstaða tjáningarinnar og öll litbrigði hennar könnuð til hins ýtrasta. Gabriela og Björk mæltust ásamt Ernu Ómarsdóttur dansara og spunnu saman hugmynd að myndbandi sem notað er við lag Bjarkar. Gabriela notar sama hráefni í eitt af myndböndum Tetralógiunnar þar sem hún fjallar m.a. um ójafnvægi tilfinninganna og útrás þeirra úr líkamanum eða sálarhreinun líkt og hún gerði í myndbandinu Kaþarsis frá 2004. Björk breytist í bólstraðan hýsil, eins konar Venus frá Willendorf, og fæðir af sér hvítklístraðan skratta, Ernu Ómarsdóttur, sem dansar villtan dans áður en hann dregst aftur inn í hýsilinn. Í lokasenuinni springur allt í loft upp, heyvafur stíga út úr bakgrunnum eins og stökkbreyting hafi átt sér stað sökum hins rafmagnaða andrúmslofts, steypast yfir hýsilinn sem hverfur og rennur saman við heildina.

Frumkrafturinn sem býr í frásögninni, örvæntingin og innilokunarkenndin eru undirstrikuð með groddalegrí og hrárrí efnis meðferð, sterkum myndrænum birtukontröstum og sérkennilegu heylandslagi hlóðunnar.

Kveikjuna að síðasta myndbandi Tetralógiunnar má finna í litlu málverki eftir óþekktan málara sem Gabriela fann í gömlum kastala í Brussel, Châteaueu Rivieren, þar sem hún er með vinnustofu. Verkið sýnir 5 manneskjur sem sitja í hálfhring í setustofu og hlusta á tónleika hjá pianóleikara og fjöluleikara sem báðir snúa baki í áhorfandann. Vinstra megin við pianóið hangir hvít gríma, andrúmsloftið er dapurlegt, fólkíð allt hálfhnípið og við vitum ekki hvort það er að hlusta, í hugleiðslu eða að syrgja einhvern.

Með því að holdgera verur málverksins og samlaga þær þannig öðrum persónum myndbandanna tekst Gabrieliu að flétta saman tákni og tilfinningar myndbandanna fjögurra.

Gabriela leggur áherslu á hið sjálfsprottna eins og súrrealistarnir, en með þeim fyrirvara að sprettan sé tilkomin af útsæði forfedranna, stríðir gegn rökhbyggju og snýr út úr tilsettum reglum. Hún leitar svara í því sem gerist á mörkum draums og vöku, hins hlutbundna og óhlutbundna eða í spennunni á milli hugar og efnisheimsins. Hún flækir áhorfendur í táknað sinn líkt og hún gerði á sinni fyrstu sýningu, The Nameless One, árið 1997 og

gerir vefinn þar með virkan.

Með Versations/Tetralógía tekst Gabriela líka á við ringulreiðina - upplausn og sundurleysi samtímans. Auk þess að kanna skynjanir okkar, kenndir, fýsnir og mörk tilfinninganna einbeittir hún sér að samruna eða togstreitu hinna ólíku listgreina og tekst í gegnum þennan „microcosme“ að tjá hið algilda.

Þessi hæfileiki Gabrieliu til að tjá sig í gegnum svona fjölbreytilega miðla gerir hana að einstökum listamanni og verkið Versation/Tetralógía að „total“ verki.



**Hans Ulrich Obrist & Gabriela Friðriksdóttir:****Samræður****Hans Ulrich:**

Getur þú sagt mér frá sambandinu á milli teikninga þinna og gjörningakenndari kvikmynda þinna og myndbanda? Mér fannst eins og þetta hafi allt byrjað með teikningunum.

**Gabriela:**

Það gerði það. Í fyrstu leit ég ekki á þetta sem teikningar því þetta voru meira eins og skyssur, eins og samansafn af því sem ég var að hugsa um á þessum tíma. Ég sá þetta aldrei sem eitthvað sem ég gæli notað í sýningu. Síðan fór ég að virða þetta fyrir mér og komst að því að þetta væru kannski eins og hlutar af sjálfri mér, eins og á röngunni, skilurðu hvað ég meina?

**H.U.:**

Já.

**G.:**

Þannig að ég hugsaði: Ókei. Ég ætla að reyna að safna saman teikningum sem innihalda öll þau form, punkta, línur og ták sem ég hef verið að þróa síðan ég var unglingur, fyrir fimmtán árum.

**H.U.:**

Bókin er það fyrsta sem ég hef séð af verkum þínum. Geturðu sagt mér aðeins frá henni.

Hún var hönnuð af M/M og Björk lagði sitt af mörkum.

**G.:**

Það var frábært að vinna með M/M, við þurftum ekki að tala mikið saman, þetta var meira svona hugsanaflutningur. Það fylgir líka geisladiskur bókinni sem ég kalla líka teikningar. Hvort tveggja er svarthvít, teikningar með þenna á hvítan pappír og lög með fingri á svörtu og hvítu hljómborði. Hvort tveggja segir frekar einfalda sögu af frekar flókinni eða ruglingslegri sýn.

**H.U.:**

Þú hefur verið að vinna með hljóð og teikningar síðan þú varst unglingur.

**G.:**

Það má segja að bókin sé á vissan hátt samþjöppun þessara risastóru safna. Þetta varð að einskonar safni frá árunum 1987 – 2002. Ég hugsaði með mér, ókei, nú eru þau tilbúin. Mér fannst að virku eldfjöllin innra með mér væru kulnuð og eldgosin myndað landslag sem átti vel við mig rúmfræðilega. Þess vegna gat ég gengið um þetta landslag og útsýnið ofan af fjallstindunum var skýrara.

**H.U.:**

Þegar bókin er skoðuð er hún eins og ólínuleg saga. Er þarna tenging við íslenska sagnahefð, frá Íslendingasögnum fram á okkar tíma?

G.:

Ég myndi kalla þetta ræður – samræður án samsins. Þetta er eintal þar sem sögumaðurinn reynir að tæla fólk inn í hugarheim sinn. Ræður eru mjög íslenskar, sögumaðurinn er kannski gestur í partýi sem reynir að ganga í augun á fólki. Hann leikur af fingrum fram og reynir eins og hann getur að vinna hug og hjörtu þeirra sem heyra til. Þetta hljómar tækifærissinnað og er það, og gráðugt líka því þessháttar sögumaður vill eiga orðið einn. Þannig eru kannski sögurnar í teikningum mínum. Þær reyna að vinda upp á sig og neita þessari myndrænu tilvist og verða abstrakt.

H.U.:

Hvað með að vilja ekki forskrifada atburðarás sem þú verður að fylgja?

G.:

Þetta er frelsið sem ég held að Íslendingar hafi vegna skorts á hefð. Persónulega nægir mér að vera manneskja með aðferðir forferðanna í beinunum, og það er næg hefð í því að anda að sér hær og nú. Þetta snýst meira um hvornig kynið virkar, líkami manns og sál og það að lifa í augnablikinu. Augnablikið er mikilvægt og maður verður að nýta það. Eins og afi minn sagði: ef þú gerir allt núna þarftu ekki að hafa áhyggjur.

H.U.:

Var afi þinn listamaður?

G.:

Hann var sjómáður.

H.U.:

En voru foreldrar þínir í listunum?

G.:

Nei, en þau eru líka mjög skapandi. Faðir minn var í pólitík og móðir mín var hárgreiðslukona þannig að þetta var mjög skapandi heimili, en á annan hátt.

H.U.:

Hvornig finnst þér að vera listamaður í samhengi við alla þessa ótrúlegu tónlistarsenu á Íslandi?

G.:

Ég held að þetta komi í sama stað niður og við vorum að tala um áðan. Frelsið vegna skorts á hefð og risastórt rými af engu. Við bara gerum þetta, því annars gerist ekkert. Það er ákveðinn gamall íslenskur hljómur. Ljóðin voru ekki aðeins rímur. Þau eru um hversu falleg orðin geta verið í líkamanum. Það er mjög sjónrænt.

H.U.:

Hvað með þína eigin tónlist?

G.:

Ég hef gert tilraunir, þær eru meira eins og spuni, með öðrum útpældari hlutum. Í spuna komast oft ákveðið mynstur. Það er erfitt að komast undan því. Þannig að ég reyni að gera

mjög einföld lög á báða vegu. Þá nær ég að sleppa takinu og allt kemst út og í flóð sem heldur áfram að streyma. Svo það er frelsi í spunanum. Það er frelsi en auðvitað er það erfitt. Einskonar frelsi í búi.

H.U.:  
Hvað með samband þitt við Björk?

G.:  
Við erum úr sömu fjölskyldunni. Afar okkar eru bræður. Samstarf okkar byrjaði eiginlega með því að hugsa upphátt yfir kaffibolla. Hún skyldi allt á mjög sjónrænan hátt. Hún var líka hrifin af því hvernig ég skildi það sem hún var að gera, þannig að samstarf okkar til að byrja með var andlegt. Síðan ákváðum við fyrir þremur árum að við ættum að vinna aðeins meira saman.

H.U.:  
Og hver var svo útkoman?

G.:  
Fyrst störfuðum við saman á plötum Bjarkar Family Tree og Greatest Hits með M/M, í nóvember á síðasta ári tókum við upp vídeóið saman þar sem við reyndum að mynda hið fullkomna samstarf. Við tókum vídeóið á hestabúgarði á Íslandi. Nú erum við að klippa efnið. Við tókum vídeó fyrir eitt laganna á plötunni Medúlla og annað fyrir Tetralógia sem ég er að vinna fyrir Feneyjatváeringinn. Þetta er tilraun.

H.U.:  
Sem stendur ertu að vinna að stóru verki fyrir íslenska skálann. Hvernig gengur það?

G.:  
Ég er að reyna að fanga ísliskan þankagang. Gesturinn á eftir að ganga inn og þar verða efni með áferð innflyta, til að kalla fram ákveðna tilfinningu eða bragð. Síðan eru fjögur vídeó eins og gluggar, hvert þeirra mun hafa ákveðna stemningu og saman mynda þau einskonar kvartett.

H.U.:  
Með hverjum ertu að vinna?

G.:  
Ég tók vídeó númer tvö með ungum listamanni, Sigurði Guðjónssyni, en við höfum verið vinir lengi. Vídeó númer þrjú vann ég í samstarfi við eiginmann minn, Daniel Ágúst Haraldsson, tónlistarmann. Við tókum myndbandið upp á fallettri vínekru Bersi Serlini fjölskyldunnar í Franciacorta á Ítalíu í síðustu viku. Það síðasta verður tekið í febrúar, Björk, Daniel og kontrabassaleikarinn Borgar Þór Magnason og pianistinn Jónas Sen eru öll að semja tónlist við myndböndin. Við erum eins og fjölskylda. Þetta er mjög íslenskt. Þetta er einskonar mafia, yndisleg mafia.

H.U.:  
Þú vinnur í Brussel. Spilar hugmyndin um útleið stóran þátt þegar maður kemur frá svona litlu landi?

G.:

Það er auðvelt að svara þessu. Það er til meistaraverk bókmenntanna sem kallast Hávamál. Hávamál er mál Óðins og þetta var biblía heiðinna, sagnir Víkinganna. Í einu erindinu segir að maður verði mjög heimskur af því að hanga heima. Maður á að fara í burtu og koma aftur og segja sögur af heiminum.

ÞBirtist fyrst í I-D, Vol. 11/11  
Mars 2005, N°252, endurbirt  
Með göðfúslegu leyfi.

## SJÓN:

Afmælisgjafir handa hinum 22 stóru.

0. Peli af leðurblökumjólk.
- I. Gervireður úr víði og reipi.
- II. Fjölskýlda af rotnandi hagamúsum.
- III. Kúbein.
- IV. G-strengur úr ull.
- V. Rúlla af gullnum klósettappír.
- VI. 777 svipuhögg með skóreim.
- VII. Kúkabrún handtaska úr silki.
- VIII. Golfkylfur úr mannabeinum.
- IX. „Gerðu-það-sjálfur“ gúmmihanskasett
- X. Bölvandi páfagaukur að nafni Juliette.
- XI. Prumpblaðra og poki af kartöfluflogum.
- XII. Bikar fullur af glersalla.
- XIII. Hópur af soltnum sléttuúlfum.
- XIV. 93 tonn af auðguðu plútoni.
- XV. Þriggjablaðarakvél og bindi.
- XVI. Dauft skinn af ballerínuökkla.
- XVII. Vélbyssá.
- XVIII. Visin páfæistu.
- XIX. Hjörð af búlimískum nautum.
- XX. Askja af notuðum tannstönglum.
- XXI. Leðurblökuhellir.